

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2021
Tilv.: 2105016

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaða og skemmtanahald o.fl. (ökutækjaleigur, tækifærisleyfi og rekstrarleyfi), 755. mál.

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, þann 19. maí 2021, þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaða og skemmtanahald o.fl. 755. mál.

Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu þá framkvæmdi OECD sjálfstætt samkeppnismat á regluverki íslenskrar ferðapjónustu og byggingariðnaðar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafði umsjón með verkefninu en það var unnið í náinni samvinnu við Samkeppniseftirlitið sem og önnur ráðuneyti og stofnanir. Í kjölfarið var gefin út skýrsla um verkefnið, en þar gerir OECD 438 tillögur til úrbóta.

Við vinnslu frumvarpsins var m.a. haft samráð við Samkeppniseftirlitið en Samkeppniseftirlitið á jafnframt fulltrúa í vinnuhóp sem er skipaður fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Vinnuhópnum er ætlað að vinna drög að fyrstu laga- og reglugerðarbreytingum sem byggjast á tillögum OECD varðandi ferðatengda þjónustu og fjalla undir málefnasvið ráðuneytanna.

Með frumvarpinu eru lagðar til lagabreytingar sem byggja á umræddum tillögum OECD og leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að koma til framkvæmda þeim tillögum sem fram koma í skýrslu OECD um úrbætur, til að draga úr samkeppnishindrunum í ferðapjónustu og byggingariðnaði.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru umræddar breytingar til verulegra bóta, og vísar að öðru leyti til þeirrar undirbúningsvinnu sem átt hefur sér stað, bæði á vettvangi fyrrnefnds vinnuhóps og hjá OECD.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur Haukur Guðmundsson